# ;ALLT ATVINNA

**Sölufulltrúar Viðar Ingi Pétursson** vip@365.is 512 5426 **Hrannar Helgason** hrannar@365.is 512 5441

FRÉTTABLAÐIÐ


## GENERAL SERVICES-CUSTOMER SERVICE CLERK

### ÞJÓNUSTUFULLTRÚI

**Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu Þjónustufulltrúa lausa til umsóknar.**
Umsóknarfrestur er til og með **21. október 2011.** Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðs-ins: http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of General Services-Customer Service Clerk. The closing date for this position is **October 21, 2011.** Application forms and further information can be found on the Embassy's home page: http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

Please send your application and resumé to:
reykjavikvacancy@state.gov

## Störf í þýðingamiðstöð

Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins óskar að ráða tækniritara til starfa við starfsstöðina í Reykjavík.

Þýðingamiðstöðin annast þýðingar ESB-gerða, sem eru á ýmsum sviðum, svo sem tækni, raungreina, fjármála, laga o.s.frv. Tækniritarar gegna hlutverki tengiliða á milli aðalskrifstofu þýðingamiðstöðvar í Reykjavík og þeirra sem sinna þýðingum í verktöku fyrir þýðingamiðstöð og annast undirbúning og frágang þýðinga.

Ráðningartími er tvö ár. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags starfsmanna stjórnarráðsins.

**Kröfur til umsækjenda:**

- Stúdentspróf eða önnur sambærileg menntun
- Staðgóð þekking í íslensku og ensku
- Góð tölvukunnátta og tölvulæsi
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Samskiptalipurð og góð framkoma

Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af umbroti, tölvuvinnslu og prófarkalestri eða reynslu af rekstri fjarvinnslu og/eða fjarnámi.

Umsóknarfrestur er til og með 31. október 2011. Umsóknir skulu berast á netfangið umsokn@mfa.is, merkt „Tækniritarar 2011".

Litið verður svo á að umsóknir gildi í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvarðanir um ráðningar hafa verið teknar.

Nánari upplýsingar um störfin veita Hreinn Pálsson, framkvæmdastjóri þýðingamiðstöðvar, (hreinn.palsson@utn.stjr.is), og
Helga Hauksdóttir, mannauðsstjóri utanríkisráðuneytisins, (helga.hauksdottir@utn.stjr.is),
í síma 545-9900.

## Tígrisdýr óskast!

**Lagerstarfsmaður**

Verslunin Tiger leitar eftir duglegum og áhugasömum lagerstarfsmanni. Um er að ræða hlutastarf en viðkomandi þarf að geta unnið meira í nóvember og desember.

Áhugasömum er bent á að senda umsókn á netfangið atvinna@tiger.is merkt „Lager".

**Starfsmaður í verslun**

Við leitum að hressum og frambærilegum einstakling í liðið okkar. Starfsmenn Tiger eru með ríka þjónustulund, hafa auga fyrir útstillingum og eru snyrtilegir til fara.

Áhugasömum er bent á að senda umsókn á netfangið atvinna@tiger.is merkt „Verslun".

TIGER
Villidýr á verði · tiger.is

## FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Sérfræðingar hjá fjármálaráðuneytinu

Fjármálaráðuneytið óskar eftir að ráða tvo sérfræðinga til starfa

**Sérfræðingur I**

Fjármálaráðuneytið leitar að hagfræðingi til að vinna að mótun, samhæfingu og framsetningu á áætlunum í tengslum við ríkisfjármálastefnu ríkisstjórnarinnar.

**Starfsvið:**
* Vinna í samstarfi við aðra að upplýsingaöflun og áætlanagerð um markmið og horfur í ríkisfjármálum.
* Skrif um ríkisfjármál m.a. í ríkisfrumvarpi.
* Kynning á stöðu ríkisfjármála fyrir innlendum og erlendum aðilum.
* Kostnaðargreining og þróun reiknilíkana um einstaka þætti ríkisútgjalda.
* Yfirsýn á fjármál ráðuneyta og samstarf við þau við undirbúning fjárlagafrumvarps.

**Hæfniskröfur** eru háskólamenntun á sviði hagfræði, en meistaranám er æskilegt. Frumkvæði, rík greiningarhæfni og hæfni til að vinna sjálfstætt með skipulegum vinnubrögðum. Marktæk reynsla af greiningu fjármálaupplýsinga og hagfræðilegra gagna. Reynsla af því að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli. Góð enskukunnátta. Þekking á stjórnsýslunni og ríkisfjármálum er kostur.

**Sérfræðingur II**

**Starfsvið:**
* Áætlanagerð og kostnaðargreining, úrvinnsla og framsetning upplýsinga um ríkisútgjöld.
* Yfirsýn og greining á fjármálum ráðuneyta og samstarf við þau við undirbúning fjárlagafrumvarps.
* Vinna að reiknilíkönum um ýmsa þætti ríkisútgjalda.
* Skrif um ríkisfjármál m.a. í fjárlagafrumvarpi.

**Hæfniskröfur** eru háskólamenntun á sviði hagfræði eða viðskiptafræði. Frumkvæði og hæfni til að geta unnið sjálfstætt með skipulegum vinnubrögðum og öryggi í meðferð talnaefnis. Geta og aðstæður til að vinna undir álagi. Færni í mannlegum samskiptum og samstarfi. Gott vald á mæltu og rituðu máli auk enskukunnáttu. Marktæk reynsla af notkun töflureikna og gerð reiknilíkana er kostur. Þekking á stjórnsýslunni og ríkisfjármálum er kostur.

**Umsækjendur sæki um annað hvort starfið, en ekki bæði.** Í boði eru áhugaverð framtíðarstörf á öflugum vinnustað. Um er að ræða fullt starf í báðum tilvikum. Laun er skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Umsóknarfrestur er til og með 30. október.

**Guðný Harðardóttir**, hjá STRÁ ehf. veitir frekari upplýsingar um störfin. Vinsamlega sendið umsóknir ásamt meðfylgjandi gögnum til stra@stra.is.

Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út með vísan til 3. tölul. 2. mgr. 2. gr. reglna um auglýsingar á lausum störfum nr. 464/1996, með síðari breytingum, sem settar eru með stoð í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

www.stra.is

STRÁ
Suðurlandsbraut 30 - 108 Reykjavík





Laust starf hjá Arion banka

# Samskiptasvið Arion banka leitar að starfsmanni

Starfið felst í **miðlun frétta af starfi bankans,** innan hans sem utan.

**Helstu verkefni**

- Virk samskipti við öll svið bankans
- Innri samskipti bankans
- Skrif fréttatilkynninga og samskipti við fjölmiðla
- Samskipti við stjórnendur

**Hæfniskröfur:**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Góð hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð hæfni í samskiptum
- Reynsla af störfum við fjölmiðla

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Umsóknarfrestur er til og með 25. október 2011**

Nánari upplýsingar veitir **Iða Brá Benediktsdóttir**, forstöðumaður samskiptasviðs, sími **856 7107**, netfang: **ida.benediktsdottir@arionbanki.is** og **Jónas Hvannberg** starfsmannastjóri, sími **444 6376**, netfang: **jonas.hvannberg@arionbanki.is**

Umsækjendur sæki um starfið á vefsíðu bankans www.arionbanki.is

arionbanki.is — 444 7000

Arion banki

---

HEILSUVERND

því hver dagur er dýrmætur

## Móttökuritari

Heilsuvernd óskar eftir móttökuritara til starfa. Vinnutími er 8-16. Viðkomandi þarf að búa yfir lipurð í samskiptum, nákvæmni í vinnubrögðum auk góðrar tölvukunnáttu.

Nánari upplýsingar og móttöku umsókna veitir Fríður Brandsdóttir, aðst.framkvstj. fridur@hv.is.

Heilsuvernd • Álfheimar 74 (Glæsibæ) • 104 Rvk
Sími 510 6500 • www.hv.is

---

Sunnuhlíð

Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi

## Iðjuþjálfi

Við óskum eftir að ráða iðjuþjálfa í 50% starf á hjúkrunarheimilið og dagdvöl Sunnuhlíðar.

Óskað er eftir hugmyndaríkum einstakling með áhuga á að vinna með öldruðum.

Lögð er áhersla á færni í mannlegum samskiptum og frumkvæði í starfi.

**Nánari upplýsingar veita.**
Dagmar Huld Matthíasdóttir, hjúkrunarforstjóri, dagmar@sunnuhlid.is
Jóhann Árnason framkvæmdastjóri, johann@sunnuhlid.is
Sími 560-4100

---

## INNKAUPASTJÓRI
## PROCUREMENT AGENT

**Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu innkaupastjóra lausa til umsóknar.**
Umsóknarfrestur er til og með **21. október 2011.** Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Procurement Agent. The closing date for this position is **October 21, 2011.** Application forms and further information can be found on the Embassy's home page: http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

Please send your application and resumé to: reykjavikvacancy@state.gov

---

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

Capacent Ráðningar

# ÍÞRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSFULLTRÚI

Dalvíkurbyggð er 2000 manna sveitarfélag við Eyjafjörð. Þar er blómlegt atvinnulíf, öflugt menningarlíf og aðstaða til íþróttaiðkunar framúrskarandi. Umhverfið er sérlega fjölskylduvænt og aðstæður til útivistar er með því besta sem gerist hér á landi, jafnt sumar sem vetur.

**Dalvíkurbyggð óskar eftir að ráða metnaðarfullan og drífandi aðila í starf íþrótta- og æskulýðsfulltrúa. Íþrótta- og æskulýðsfulltrúi er einn af lykilstjórnendum sveitarfélagsins. Mikilvægt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

**Starfssvið:**
- Rekstur og ábyrgð á starfsemi íþróttamannvirkja og tjaldsvæðis
- Yfirumsjón með starfsemi félagsmiðstöðvar
- Áætlanagerð og eftirfylgni með áætlunum
- Stefnumótun og stjórnun starfsfólks
- Umsjón með ýmsum hátíðahöldum
- Aðkoma að menningartengdum verkefnum og fjölmenningarlegu starfi
- Mikil samskipti og samvinna við hagsmunaaðila

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og áhugi á starfi með börnum og ungmennum
- Reynsla af stjórnun og stjórnsýslu æskileg
- Frumkvæði, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð tölvuþekking
- Góð kunnátta í íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Hreint sakavottorð

Umsjón með starfinu hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 18. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Glerárgötu 36
Sími 540 1000

capacent

---

Capacent Ráðningar

# FRAMKVÆMDASTJÓRI

Akraneskaupstaður

Á Akranesi er mannlíf í miklum blóma. Íbúar á Akranesi hafa aldrei verið fleiri og er íbúafjöldi í dag um 6600. Á Akranesi er einstaklega fjölskylduvænt og öruggt umhverfi þar sem áhersla er lögð á mikla og vandaða þjónustu við íbúa. Öflugt atvinnulíf sem býður upp á örugg störf á margvíslegum vettvangi, ásamt húsnæði á góðu verði.

**Akraneskaupstaður óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra Framkvæmdastofu og Skipulags- og umhverfisstofu. Framkvæmdastjóri er jafnframt skipulagsfulltrúi sveitarfélagsins skv. 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

**Framkvæmdastofa** sér um framkvæmdir, nýbyggingar og rekstur fasteigna og annarra mannvirkja. Stofan er framkvæmdaráði til ráðgjafar varðandi stefnumótun í málaflokkum sem undir hana heyra og annast framkvæmd þeirra.
**Skipulags- og umhverfisstofa** annast umsýslu skipulags- og byggingarmála, brunamála og almannavarna, hreinlætismála og umhverfismála. Stofan er bæjarráði til ráðgjafar í málaflokkum sem undir hana heyra.

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:**
- Umsjón og eftirlit með að ákvörðunum bæjarstjórnar, bæjarráðs og framkvæmdaráðs sem snúa að verkefnum stofanna sé framfylgt
- Gerð starfs- og fjárhagsáætlana og eftirfylgni þeirra
- Yfirumsjón með útboðum, gerð samninga og skilamata
- Undirbúningur og framlögn erinda til bæjarráðs, framkvæmdaráðs og skipulags- og umhverfisnefndar
- Undirbúningur funda framkvæmdaráðs og skipulags- og umhverfisnefndar og ábyrgð á eftirfylgni og frágangi mála sem þar eru til umfjöllunar
- Umsjón með og ábyrgð á gerð aðal- og deiliskipulags skv. samþykktum bæjarstjórnar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði skipulags- og byggingamála sbr. 25. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010
- Þekking og reynsla af stjórnun og framkvæmdum nauðsynleg
- Góð þekking á skipulags- bygginga- og umhverfismálum
- Reynsla af áætlanagerð (verk-, kostnaðar- og fjárhagsáætlanir)
- Þekking og áhugi á umhverfismálum æskilegur
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mikil samstarfs- og samskiptahæfni
- Metnaður til að ná árangri í starfi

**Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningum sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag. Vakin er athygli á því að starfið hentar jafnt konum sem körlum.**

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 31. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

---



# Flugverndar- og gæðafulltrúi hjá Iceland Express Handling




**Vilt þú takast á við spennandi en jafnframt krefjandi starf í síbreytilegu starfsumhverfi flugiðnaðarins? Iceland Express Handling leitar að flugverndar- og gæðafulltrúa til starfa í starfsstöð sinni á Keflavíkurflugvelli.**

Flugverndar- og gæðafulltrúi heyrir beint undir framkvæmdastjóra Iceland Express Handling, er óháður annarri starfsemi þess, og hefur fullt forræði yfir flugverndarmálum innan fyrirtækisins. Flugverndarfulltrúi skal hafa hlotið viðurkennda þjálfun í flugvernd eða vera reiðubúinn að fá slíka þjálfun frá þar til bærum aðila og er jafnframt sérstakur trúnaðarmaður flugmálayfirvalda er varðar flugverndarmál.

Flugverndarfulltrúi skal undirgangast bakgrunnsathugun flugmála- og flugöryggisyfirvalda og hljóta samþykki Flugmálastjórnar Íslands sem flugverndarfulltrúi.

### Starfslýsing

- Innleiða og framfylgja flugverndaráætlun
- Hafa forræði á flugvernd innan fyrirtækisins
- Samskipti við flugmálayfirvöld og rekstraraðila Keflavíkurflugvallar er varða flugverndarmál
- Þjálfun á starfsmönnum á sviði flugverndar
- Samskipti við birgja Iceland Express er varða flugverndarmál
- Innleiða og framfylgja gæðahandbók
- Yfirlit og eftirfylgni með gæðamálum
- Stefnumótun og áætlanagerð

### Hæfniskröfur

- Menntun, reynsla eða þjálfun á sviði flugverndar
- Menntun eða reynsla á sviði gæðastjórnunar
- Mjög góð enskukunnátta er skilyrði
- Frumkvæði, skipulag og sjálfstæð vinnubrögð
- Háskólamenntun er nýtist í starfi er æskileg
- Áhugi á flugstarfsemi er kostur.

Iceland Express Handling er dótturfyrirtæki Iceland Express á Keflavíkurflugvelli sem annast þjónustu við viðskiptavini félagsins sem fara um Keflavíkurflugvöll. Um 60 manns starfa hjá félaginu. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Umsóknarfrestur er til og með 23. október nk. Nánari upplýsingar er að finna á www.icelandexpress.is/jobs**

Iceland Express Handling

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# Hjúkrunardeildarstjóri Fíknigeðdeild Geðsviði

Hjúkrunardeildarstjóri er yfirmaður hjúkrunar á deild, stjórnar daglegum rekstri, ber ábyrgð á uppbyggingu og þróun hjúkrunar. Hann stuðlar að þekkingarþróun í hjúkrun og nýtir niðurstöður rannsókna. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri geðsviðs.

Á Fíknigeðdeild Landspítala er rekin sérhæfð þjónusta fyrir einstaklinga þar sem geðraskanir og misnotkun vímuefna fara saman. Við deildina starfar breiður hópur fagfólks á þremur einingum sem vinna náið saman. Deildin þjónar einstaklingum sem þurfa greiningu og meðferð vegna geðrænna vandamála. Lögð er áhersla á teymisvinnu, einstaklingsmiðaða nálgun og endurskoðun á verkferlum á deildinni með hugmyndafræði geðhjúkrunar að leiðarljósi.

### Helstu verkefni og ábyrgð

» Fagleg ábyrgð
» Fjárhagsleg ábyrgð
» Starfsmannaábyrgð

### Hæfnikröfur

» Hjúkrunarmenntun
» A.m.k. 5 ára starfsreynsla
» Reynsla í starfsmannastjórnun æskileg
» Framhaldsnám í geðhjúkrun æskilegt
» Framsækinn og dugmikill leiðtogi

### Nánari upplýsingar

» Umsóknarfrestur er til og með 5. nóvember 2011.
» Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. desember 2011 til 5 ára í samræmi við stefnu Landspítala um ráðningu yfirmanna.
» Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá. Jafnframt skal leggja fram afrit af prófskírteinum og hjúkrunarleyfi, ritgerðum, þróunarverkefnum og vísindastörfum sem umsækjandi hefur unnið, tekið þátt í að vinna eða birt.
» Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Maríu Einisdóttur, mannauðsráðgjafa, LSH Stjórn geðsviðs 34A við Hringbraut.
» Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum, umsögn stöðunefndar hjúkrunarráðs Landspítala og viðtölum við umsækjendur.
» Upplýsingar veita Anna Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar, annastef@landspitali.is, sími 543 1000 og María Einisdóttir, mannauðsráðgjafi, mariaein@landspitali.is, sími 543 4034.
» Umsækjendum er bent á leiðbeiningar stöðunefndar hjúkrunarráðs Landspítala á vef spítalans varðandi frágang umsókna um stjórnunarstöður í hjúkrun.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf". Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublöð í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut og hjá mannauðssviði, Eiríksgötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

# Mannauðsstjóri

*Á Seltjarnarnesi búa um 4500 manns í fallegu umhverfi sem státar af góðum útivistarsvæðum með fjölskrúðugu fuglalífi.*

*Starfsemi Seltjarnarnesbæjar er skipt niður á 6 meginverkefni; fjármálastjóra, byggingafulltrúa, félagsmálastjóra, fræðslufulltrúa, menningarfulltrúa og íþrótta- og tómstundafulltrúa. Fjármálastjóri hefur umsjón með og eftirlit með fjármálalegri starfsemi Seltjarnarnesbæjar ásamt því að hafa umsjón með starfsmannamálum.*

*Nánari upplýsingar um Seltjarnarnesbæ má finna á **www.seltjarnarnes.is***

## Seltjarnarnesbær óskar eftir að ráða mannauðsstjóra. Starfið heyrir undir fjármálastjóra.

### Megin verkefni

- Ábyrgð og vinnsla launa og launaupplýsinga
- Starfsmannamál s.s. starfsgreining, starfsþróun, gerð starfslýsinga, móttaka nýrra starfsmanna, upplýsingar um réttindi og starfsskyldur, ráðgjöf í starfsmannamálum
- Þátttaka í mótun og eftirfylgni með starfsmannastefnu
- Áætlanagerð, fræðslu og símenntunarmál
- Samskipti við starfsmenn, stjórnendur og viðskiptavini
- Utanumhald starfsmannaupplýsinga
- Ýmis sérverkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði mannauðsmála, viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Marktæk reynsla af starfsmannastjórnun/ mannauðsmálum
- Reynsla af launavinnslu
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð kunnátta í íslensku
- Mjög góð samskiptahæfni
- Góð almenn tölvukunnátta

*Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg **(ari@intellecta.is)** og Torfi Markússon **(torfi@intellecta.is)** í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 21. október nk. Í samræmi við jafnréttisstefnu Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um stöðuna. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. **Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.*

intellecta

*Síðumúla 5, 108 Reykjavík*
*Sími 511 1225 Fax 511 1126*
*www.intellecta.is*

EYKT.
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

## Vanir byggingaverkamenn óskast

Við leitum eftir vönum byggingaverkamönnum til starfa við steypuframkvæmdir í Stavanger í Noregi. Reynsla á byggingarkrana er kostur.

Umsóknum skal skila á skrifstofu Eyktar c/o Heiðdís Búadóttir
Skúlagötu 63, 105 Reykjavík.

## Organisti í Háteigskirkju

**Sóknarnefnd Háteigskirkju auglýsir eftir organista. Organisti er umsjónarmaður tónlistarstarfsins í kirkjunni.**

Verksvið hans er samkvæmt starfsreglum um organista nr. 823/1999 sem m.a. fela í sér:
- að leiða söng safnaðarins í helgihaldinu.
- að leika á hljóðfæri við guðsþjónustur og aðrar athafnir.
- að sjá um forsöng, hljóðfæraleik og kórstjórn við kirkjulegar athafnir sé eftir því leitað af sóknarbörnum.
- að sjá um þjálfun kirkjukórs við kirkjuna í samráði við sóknarprest og sóknarnefnd.
- að veita leiðsögn og fræðslu.

Við leitum að vel menntuðum organista sem í senn er kröftugur leiðtogi og tilbúinn til að taka að sér krefjandi og metnaðarfullt starf. Áhersla er lögð á lipurð og sveigjanleika í mannlegum samskiptum.

Laun eru samkvæmt launasamnigi Launanefndar Þjóðkirkjunnar og Félags íslenskra hljómlistarmanna. Um er að ræða 70% starfshlutfall.

Nánari upplýsingar um starfið veita Sigríður Guðmundsdóttir, formaður sóknarnefndar í síma 897 1382 og sr. Tómas Sveinsson, sóknarprestur í síma 511 5401 eða 568 7802.

Umsóknarfrestur er til 12. nóvember 2011.

Umsóknir skulu berast til Háteigskirkju merktar:

Háteigskirkja,
b.t. sóknarnefndar.
Háteigsvegi 27-29,
105 Reykjavík.

Háteigs kirkja



## Hefur þú rétta þjónustuandann?

**Sérfræðingur á tæknisviði**

Starfið felst í hönnun, uppsetningu og rekstri fyrirtækjatenginga á MetroNeti Vodafone. Unnið með Cisco búnað; Layer 2, Layer 3 IP-VPN, RIP, BGP og OSPF. VPN uppsetningar, eldveggir og QoS.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Menntun í rafeindavirkjun, CCNA, CCNP er mikill kostur.
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur.
- Mjög góð tölvukunnátta.
- Áreiðanleiki.
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum eru nauðsynlegar.
- Forritunarkunnátta er kostur.

**Umsóknarfrestur er til og með 21. október 2011.**
**Nánari upplýsingar veitir Sonja M. Scott, sonjas@vodafone.is.**
**Áhugasamir eru beðnir um að senda inn umsókn um vodafone.is.**

**Við bjóðum gott fólk velkomið í skemmtilegan hóp starfsmanna sem setur viðskiptavininn í fyrsta sæti.**

## ERT ÞÚ TÖLVUSNILLINGURINN SEM VIÐ ERUM AÐ LEITA AÐ ?

Við viljum bæta við okkur metnaðarfullum og drífandi starfsmanni í tölvudeild til að sjá um rekstur og viðhald á Microsoft Dynamics Ax auk annarra tilfallandi verkefna. N1 er eitt öflugasta verslunar- og þjónustufyrirtæki landsins og við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið!

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, kerfisfræði, verkfræði eða sambærilegum greinum æskileg.
- Mikil þekking og reynsla af Microsoft Dynamics Ax viðskiptahugbúnaði – þ.m.t forritun og þróun á kerfinu.
- Góð þekking á gagnagrunnum.
- Þekking og reynsla af bókhaldsstörfum, tollamálum, innkaupum/sölu er kostur en ekki skilyrði.
- Þekking og reynsla af viðskiptagreindartólum er kostur.
- Áræði, lipurð í mannlegum samskiptum auk agaðra og vandaðra vinnubragða.

**Nánari upplýsingar veitir Kristján Gunnarsson deildarstjóri upplýsingatæknideildar í síma 440 1017 eða með pósti á kristjan@n1.is. Áhugasamir sæki um starfið með því að senda ferilskrá ásamt nánari upplýsingum á netfangið atvinna@n1.is fyrir 25. október nk.**

WWW.N1.IS N1 Meira í leiðinni

# Halló, halló, halló!

## Vilt þú vinna í þægilegu umhverfi með skemmtilegu starfsfólki?

Við skorum á fólk á besta aldri að sækja um!

* **Starf í afgreiðslu.** Metnaður, rík þjónustulund, gott viðmót og íslensku kunnátta nauðsynleg.

* **Starf í grænmetiskæli.** Metnaður, áhugi og þekking á grænmeti, gott viðmót og íslensku kunnátta nauðsynleg.

Umsókn skal berast á netfangið **biggi@kostur.is** með nafni, símanúmer og mynd. - Það er kostur að geta aðstoðað!



**kostur** - amerísk og öðruvísi!
Spörum og njótum lífsins

---

TOKYO

# Vaktstjóri óskast!

Við leitum að manneskju með góða skipulagshæfileika og hæfni til að vinna með öðru fólki. Einstaklingurinn þarf að vera 20 ára og eldri. Geta unnið langar vaktir frá opnun til lokunar.
Sendu okkur umsókn á **atvinna@tokyo.is** og segðu okkur frá þér og láttu ferilskrá fylgja.
Allar nánari upplýsingar á www.tokyo.is.

---





# SKRIFSTOFUSTARF - BÓKHALD

**Grand hótel Reykjavík óskar eftir starfsmanni á skrifstofu.**

Óskað er eftir einstaklingi sem er töluglöggur og nákvæmur í vinnubrögðum
Góð framkoma og lipurð í samskiptum
Góð almenn tölvukunnátta
Góð kunnátta í ensku, rituðu og töluðu máli

**Starfslýsing:**

Uppgjör dagsins
Bókun á fjárhagsbókhaldi
Senda og innheimta reikninga
Afstemmingar
Launavinnslur
Ýmis önnur verkefni

**Umsóknarfrestur er til 26. október.**
Umsóknir skulu sendast á **grand.is/umsoknir**

Grand HÓTEL REYKJAVÍK

Grand Hótel Reykjavík - Sigtúni 38 - 105 Reykjavik - grand.is

---




## Íslenska barnafatamerkið Ígló ehf. auglýsir eftir sérfræðingi í 50% starf

Hæfniskröfur:

- Reynsla og yfirgripsmikil þekking á DK hugbúnaði nauðsynleg
- Reynsla af heildsölu, framleiðslu, verslun eða vörustjórnun æskileg
- Haldgóð menntun sem nýtist í starfi
- Góð kunnátta í ensku, bæði skrifað mál og talað
- Góð kunnátta í Excel
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi sem og nákvæmni í vinnubrögðum
- Góð framkoma, rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum

Starfssvið:

- Ábyrgð á samskiptum við framleiðendur; ákvörðun framleiðslumagns/verðs, pantanir, flutningur, vörumóttaka, birgðahald/-greining
- Ábyrgð á samskiptum við viðskiptavini; pantanir afhending vara, reikningar og greiðslur
- Greining á sölu-/og kostnaðarverði seldra vara
- Greining á vöruflokkum seldra vara
- Aðstoð við fjárhagsupplýsingar/-skýrslur og áætlanir
- Önnur tilfallandi verkefni

Um Ígló

Ígló er íslenskt barnafatamerki sem hannar og framleiðir fatnað fyrir börn á aldrinum 0-12 ára.
Ígló rekur sína eigin verslun og netverslun á Íslandi.
Til viðbótar eru vörur Ígló seldar í nokkrum öðrum verslunum á Íslandi, Danmörku, Þýskalandi, Svíþjóð og Noregi.

Umsóknarfrestur er til og með 29. október 2011 og ber að skila umsóknum með tölvupósti ásamt ferilskrá til Guðrúnar Tinnu Ólafsdóttur á netfangið tinna@iglo.is. Öllum umsóknum verður svarað skriflega og er fullum trúnaði heitið við vinnslu þeirra.

---

Vínbúðin Akureyri

# Verslunarstjóri óskast

**Staða verslunarstjóra í Vínbúðinni á Akureyri er laus til umsóknar. Hluti af verkefnum verslunarstjóra á Akureyri er svæðisstjórn Vínbúða á Norðurlandi.**

Starfssvið

- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Dagleg stjórnun og eftirfylgni árangursmælikvarða
- Birgðahald og umhirða búðar
- Fylgja eftir mannauðs-, þjónustu- og gæðastefnu
- Svæðisstjórn Vínbúða á Norðurlandi sem felst m.a. í reglulegum heimsóknum í Vínbúðir á svæðinu, leiðbeiningum og stuðningi við verslunarstjóra ásamt talninga- og gæðaeftirliti.

Hæfniskröfur

- Reynsla af verslunarstörfum nauðsynleg
- Reynsla af verslunarstjórn
- Þekking og reynsla af rekstri og stjórnun
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Góð framkoma og rík þjónustulund
- Reynsla í miðlun þekkingar
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta nauðsynleg og er kunnátta í Navision æskileg

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu munu taka mið af þessum gildum.

**Nánari upplýsingar veita:**
Elísabet Sverrisdóttir, elisabet@hagvangur.is
Kristín Guðmundsdóttir, kristin@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til **31. október** nk.
Umsóknir óskast fylltar út á **www.vinbudin.is**

HAGVANGUR

Stefna ÁTVR er að vera framúrskarandi þjónustufyrirtæki og þekkt fyrir samfélagslega ábyrgð. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé lifandi og skemmtilegur þar sem þjónusta og samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

VÍNBÚÐIN
vinbudin.is

---

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# Læknar í starfsnámi á geðsviði

**Laus eru til umsóknar störf lækna í starfsnámi á geðsviði frá janúar, febrúar eða mars 2012 í 6-12 mánuði. Styttri stöður (6 mánuðir) geta nýst sem hluti af sérnámi í öðrum sérgreinum en geðlæknisfræði og einnig hentað heimilislæknum sem vilja auka þekkingu sína á greiningu og meðferð geðsjúkdóma.**

## Helstu verkefni og ábyrgð

» Þjálfun í geðlækningum með þátttöku í klínísku starfi
» Þátttaka í kennslu- og fræðsluprógrammi
» Þátttaka í reglubundinni handleiðslu og þjálfun í samtalsmeðferð, m.a. í hugrænni atferlismeðferð, psychodynamiskri meðferð og áhugahvetjandi samtölum, eru hluti af sérnámi í geðlæknisfræði.

Þátttaka í rannsóknum og í hópmeðferð stendur áhugasömum umsækjendum einnig til boða. Unnið hefur verið ötullega að því að byggja upp prógrammið í samvinnu við námslækna á síðustu árum.

## Hæfnikröfur

» Almennt lækningaleyfi
» Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum
» Vilji til þátttöku í áframhaldandi uppbyggingu sérnámsins og rannsóknum

## Nánari upplýsingar

» Umsóknarfrestur er til og með 7. nóvember 2011. Sótt er um rafrænt á heimasíðu Landspítala þar sem fram koma nánari upplýsingar.
» Starfshlutfall er 80-100%.
» Upplýsingar veita Engilbert Sigurðsson, yfirlæknir, engilbs@landspitali.is og Nanna Briem, sérfræðilæknir, nannabri@landspitali.is, sími 543 1000.
» Með umsókn skal leggja fram ferilskrá ásamt gögnum um vísindavinnu og ritsmíðar. Jafnframt skal leggja fram afrit af prófskírteinum og lækningaleyfi.
» Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Engilberti Sigurðssyni, yfirlækni, LSH 34D geðsviði við Hringbraut.
» Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf". Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublöð í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut og hjá mannauðssviði, Eiríksgötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

www.hafnarfjordur.is
HAFNARFJÖRÐUR
ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
## Aðstoðarleikskólastjóri

Staða aðstoðarleikskólastjóra við leikskólann Tjarnarás er laus til umsóknar. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn til að leiða áfram og taka þátt í góðu faglegu samstarfi í skólanum og hafa að leiðarljósi að gott leikskólastarf má ávallt bæta. Í skólanum er lögð áhersla á dygðir og fjölmenningu. Unnið samkvæmt SMT skólafærni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Leikskólakennarapróf
- Framhaldsmenntun og/eða reynsla á sviði stjórnunar æskileg
- Frumkvæði og samstarfsvilji.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sé reiðubúinn til að leita nýrra leiða í leikskólastarfi.
- Hafi áhuga og/eða reynslu til að leiða þróunarstarf í átt að einstaklingsmiðuðu námi.

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og hver þau verkefni sem hann hefur unnið við og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna stjórnunarstarfi.

Allar upplýsingar um stöðuna veitir Hjördís Fenger leikskólastjóri í síma 5659710/6645859 tjarnaras@hafnarfjordur.is

Umsókn ber að skila á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Strandgötu 31, 220 Hafnarfjörður og er **umsóknarfrestur til og með 31. október.**

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

# Rafvirki

**Smith & Norland, Nóatúni 4, vill sem fyrst ráða rafvirkja til sölustarfa í raflagnadeild fyrirtækisins.**

Starfið felur einkum í sér kynningu og sölu á raflagnaefni og öðrum rafbúnaði sem og ýmis önnur verkefni.

Leitað er að röskum, sjálfstæðum og samvinnuliprum einstaklingi með góða fag- og efnisþekkingu og reynslu af rafvirkjastörfum, sem hefur einnig brennandi áhuga á sölu- og markaðsstörfum og mannlegum samskiptum.

Góð framkoma, snyrtimennska og reglusemi eru skilyrði.

Um er að ræða gott framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki.

**Þeir sem áhuga hafa á þessu starfi eru beðnir að senda umsókn til Smith & Norland með upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf fyrir þriðjudaginn 18. október. Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu Smith & Norland og þau má einnig nálgast á heimasíðu fyrirtækisins, www.sminor.is.**

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað. Nánari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 520 3022.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

# Fyrirtæki í sókn

Nýsköpunarfyrirtæki óskar eftir að ráða verk- eða tæknifræðing til starfa.
Fyrirtækið er í örum vexti og stefnt er á markaðssetningu strax á næsta ári.

**Starfssvið:**
- Þátttaka í þróun og smíði báta og skipa sem byggist á nýrri hönnun, nánar tiltekið tæknileg útfærsla á útlitshönnun með hönnuðum fyrirtækisins
- Hönnun lagnakerfa, loftræstikerfa og vélbúnaðar ásamt gerð og frágangi smíðateikninga

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði vélaverkfræði, véltæknifræði, skipatækni- eða skipaverkfræði er skilyrði
- Meistarapróf er kostur
- Iðnmenntun á vélasviði er kostur
- Þekking og reynsla af notkun teikniforritsins SolidWorks
- Lipurð í mannlegum samskiptum, frumkvæði, skipulögð vinnubrögð og hæfni til að vinna í teymi eru mikilvægir eiginleikar

**Upplýsingar veitir:**
Kristín Guðmundsdóttir
kristin@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 23. október nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www. hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

MÍMIR símenntun

Mímir-símenntun ehf. er fræðslufyrirtæki sem þróar og skipuleggur nám fyrir einstaklinga og aðila vinnumarkaðarins. Fyrirtækið er í eigu ASÍ. Megináherslur Mímis eru að veita fullorðnu fólki sem hefur stutta formlega skólagöngu ný tækifæri til náms. Mímir heldur fjölda starfstengdra námskeiða í samstarfi við stéttarfélög, fyrirtæki og stofnanir. Í mörgum tilfellum gefur nám hjá Mími-símenntun einingar á framhaldsskólastigi. Tungumála- og frístundanám er einnig umfangsmikið hjá Mími m.a. eru kennd 18 tungumál fyrir byrjendur og lengra komna. Mímir-símenntun er með þjónustusamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og fylgir þeim gæðakröfum sem settar eru um fullorðinsfræðslu.

# Kynningar- og upplýsingafulltrúi

Mímir-símenntun leitar að kynningar- og upplýsingafulltrúa.

**Starfssvið:**
- Skipulagning og framkvæmd kynningarstarfs
- Umsjón kynningaráætlunar fyrir hverja önn
- Umsjón með gerð alls kynningarefnis
- Ritstjórn og umsjón með vefsíðu
- Umsjón með útgáfumálum
- Skipulagning viðburða á vegum Mímis

**Hæfniskröfur:**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af kynningarmálum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að leiða hópastarf
- Góð íslenskukunnátta
- Þekking á vinnumarkaðinum

**Upplýsingar veita:**
Kristín Guðmundsdóttir
kristin@hagvangur.is

Elísabet Sverrisdóttir
elisabet@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 23. október nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

# Þjónustustjóri

**Bílabúð Benna óskar eftir að ráða þjónustustjóra.**
**Þjónustustjóri er ábyrgur fyrir þjónustuverkstæði, standsetningu nýrra bíla og ábyrgðarmálum.**

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
- Samskipti við viðskiptavini, umboðsmenn og birgja
- Samskipti við bílaframleiðendur varðandi ábyrgðar- og tæknimál
- Umsjón með tæknimálum
- Ábyrgð á þjálfun starfsmanna þjónustudeildar
- Ábyrgð á vinnuferlum og mótun þjónustustigs
- Ábyrgð á rekstri og áætlanagerð þjónustudeildar



PORSCHE

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Reynsla úr sambærilegu starfi skilyrði
- Menntun sem nýtist í starfi
- Góð framkoma og hæfni í samskiptum
- Sölu- og markaðsþekking
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og metnaður
- Góð tölvukunnátta



Fyrirtækið var stofnað árið 1975, flytur inn og selur vara- og fylgihluti í allar tegundir bifreiða. Bílabúð Benna er umboðsaðili bílaframleiðendanna Porsche, Chevrolet og SsangYong auk þess að vera með umboð fyrir Toyo Tires, Maxxis, Accelera og BFGoodrich hjólbarða. Bílabúð Benna rekur einnig bílaleiguna Sixt og hjólbarðaverkstæðið Nesdekk.

Bílabúð Benna er starfrækt í Reykjavík og í Reykjanesbæ. Fyrirtækið er með umboðssölu bíla á Akureyri og hefur þjónustusamninga við verkstæði um allt land.

CHEVROLET

**Umsóknir með ferilskrá berist til Bílabúðar Benna, Vagnhöfða 23, 110 Reykjavík, eða á tölvupóstfangið atvinna@benni.is fyrir mánudaginn 24. október.**
**Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.**
**Nánari upplýsingar veitir Björn Ragnarsson.**

**Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23 - 110 Reykjavík - 590 2000 - www.benni.is - benni@benni.is**

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



# Sérfræðilæknir í bæklunarlækningum

Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis í bæklunarlækningum. Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. janúar 2011 eða eftir samkomulagi, til eins árs með möguleika á framlengingu.
Á skurðlækningasviði starfar öflugt fagfólk sem leggur metnað sinn í að veita framúrskarandi þjónustu. Hlutverk skurðlækningasviðs er að skapa umgjörð um fjölþætta og sérhæfða starfssemi sviðsins sem tryggir örugga þjónustu, menntun og vísindastarf.

## Helstu verkefni og ábyrgð
- » Greining, meðferð og eftirfylgd sjúklinga með vandamál er tengjast sérgreininni.
- » Þátttaka í göngudeildarþjónustu, samráðskvaðningum og öðrum þeim störfum sem yfirlæknir deildarinnar telur við eiga.
- » Þátttaka í bakvöktum sérgreinarinnar.
- » Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samráði við yfirlækni.

## Hæfnikröfur
- » Sérfræðiviðurkenning í bæklunarskurðlækningum.
- » Viðbótarþekking á efri útlimaaðgerðum, sérstaklega á olnbogum og öxlum æskileg en ekki skilyrði.
- » Reynsla af kennslu og vísindavinnu æskileg en ekki skilyrði.
- » Góð samskiptahæfni.

## Nánari upplýsingar
- » Umsóknarfrestur er til og með 22. nóvember 2011.
- » Upplýsingar veitir Yngvi Ólafsson, sérfræðilæknir, yngviola@landspitali.is, sími 543 1000.
- » Umsóknum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, LSH Stjórn skurðlækningasviðs 13A Hringbraut.
- » Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim.

Fullt starf (100%) er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr.breytingu 5. mars 2006. Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf". Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublöð í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut og hjá mannauðssviði, Eiríksgötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

ÍSTAK
*Framkvæmdagleði í fyrirrúmi*



## KERFISSTJÓRI

ÍSTAK óskar eftir að ráða kerfisstjóra til starfa. Kerfisstjóri hefur umsjón með uppsetningu og viðhaldi tölvukerfa, sinnir uppsetningu og viðhaldi á vélbúnaði og almennri notendaþjónustu. Tölvukerfin eru að mestu í Microsoft umhverfi.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Æskilegt er að umsækjendur hafi háskólapróf í tölvunarfræði, sambærilega menntun, eða umtalsverða starfsreynslu
- Æskilegt er að viðkomandi hafi Microsoft prófgráður eða starfsreynslu
- Góð þekking á Cisco búnaði
- Mjög góð þekking á vélbúnaði
- Kunnátta á IP-símakerfum, netkerfum, Navision, SQL og EMC
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Hafa góða samskiptahæfileika

Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.

## RAFVIRKJAR / RAFVEITUVIRKJAR

ÍSTAK óskar eftir að ráða til starfa rafvirkja / rafveituvirkja vegna framkvæmda hér á landi. Í starfinu felst meðal annars rekstur á rafveitu við jarðgangagerð ásamt viðgerðum og viðhaldi á tækjum og búnaði. Einnig er um að ræða nýlagnir.

**Upplýsingar um störfin eru veitt á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Sækja skal um störfin á www.istak.is – undir„auglýst störf" fyrir 30. október næstkomandi.**

**ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 500 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.**
**ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.**

MOSFELLSBÆR

## Vélamaður í Þjónustustöð Mosfellsbæjar

Þjónustustöð Mosfellsbæjar óskar að ráða vélamann í tímabundið starf, frá og með 1. nóvember nk.

Þjónustustöð Mosfellsbæjar (í daglegu tali oft nefnd áhaldahús) er staðsett að Völuteig 15 og þar starfa að jafnaði um 10 manns.

**Helstu verkefni**
Vélamaður í Þjónustustöð vinnur á vélknúnum tækjum bæjarins eins og réttindin segja til um. Hann sinnir einnig almennri verkamannavinnu.

**Hæfnikröfur:**
- Meirapróf
- Vinnuvélaréttindi
- Reynsla í notkun vinnuvéla og stærri ökutækja

**Umsóknarfrestur er til 25. október 2011.**
Umsóknir sem greina frá réttindum, reynslu og fyrri störfum skulu berast Þjónustustöð Mosfellsbæjar, Völuteig 15, 270 Mosfellsbæ, merktar „Vélamaður". Einnig má senda umsóknir á netfangið ths@mos.is.

Upplýsingar um starfið veitir Þorsteinn Sigvaldason, deildarstjóri tæknideildar í síma 566 8450.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsmannafélags Mosfellsbæjar.

Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

# www.vinna.is

## Hárgreiðslustofa - Stóll til leigu

Eigum stól til leigu á hárgreiðslustofunni Barbafín í Suðurveri. Leitum að metnaðarfullu og sjálfstæðu hárgreiðslufólki sem er tilbúið að leggja sitt af mörkum til að gera góða hárgreiðslustofu enn betri! Leiga aðeins 65.000 á mánuði.

**Upplýsingar veitir Kristbjörn í síma: 847-4107**

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Hjúkrunarfræðingur – Gjörgæsludeild

Starf hjúkrunarfræðings á gjörgæsludeild við Hringbraut er laust til umsóknar. Deildin þjónar einstaklingum sem þarfnast gjörgæslumeðferðar af margvíslegum ástæðum. Þá er veitt sérhæfð meðferð, bæði eftir hjartastopp og opnar hjartaaðgerðir.
Í boði er góð einstaklingsaðlögun undir leiðsögn reyndra hjúkrunarfræðinga og frábært starfsumhverfi sem býður upp á möguleika til að dýpka þekkingu. Starfið er fjölbreytt og krefjandi.

### Helstu verkefni og ábyrgð

Hjúkrunarfræðingurinn ákveður, skipuleggur og veitir hjúkrunarmeðferð í samráði við skjólstæðinga og ber ábyrgð á meðferð, samkvæmt starfslýsingu.

### Hæfnikröfur

- Faglegur metnaður
- Góð samskiptahæfni
- Íslenskt hjúkrunarleyfi

### Nánari upplýsingar

- Umsóknarfrestur er til og með 29. október 2011.
- Starfshlutfall er 80%.
- Starfið veitist frá 20. nóvember 2011 eða eftir nánara samkomulagi.
- Upplýsingar veitir Marianne Hólm Bjarnadóttir, deildarstjóri, netfang marianne@landspitali.is, sími 824 5980.

